

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi, Gunnbjarnarholt, lnr. 166549.*
Breytingin felur í sér stækkun á skipulagssvæðinu þannig að byggingarreitur, B-1, verður stækkaður til NV og byggingarreit B-2 bætt við. Á þeim hluta B-1 sem bættist við eru heimilaðar 6 útistæður fyrir vothey, hver um sig um 500 m² að stærð, steipt plön og veggir. Á B-2 er heimiluð allt að 600 m² skemma, vélageymsla. Mænishæð verður allt að 8 m. Samþykkt í sveitarstjórn 5. apríl 2017.
2. *Deiliskipulag, Arngrímshundur, frístundabyggð.*
Innan marka deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 7.000 m² lóð þar sem reisa má fimm frístundahús. Hvert hús má vera allt að 50 m² og hámarkshæð þeirra er 6 m. Heildarbyggingarmagn á lóðinni má vera 200 m² og nýtingarhlutfall 0,03. Samþykkt í sveitarstjórn 7. desember 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. apríl 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.